

FW: Starfsleyfisskylda einkaaðila sem veita félagslega þjónustu skv. lögum nr. 40/1991 og lögum nr. 38/2018

**Til** : Alberta Guðbjartsdóttir  
**Frá** : Alberta Gullveig Guðbjartsdóttir  
**Heiti** : FW: Starfsleyfisskylda einkaaðila sem veita félagslega þjónustu skv. lögum nr. 40/1991 og lögum nr. 38/2018  
**Málsnúmer** : 2021080037  
**Málsaðili** : Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar  
**Skráð dags** : 19.08.2021 14:32:45  
**Höfundur** : Alberta Gullveig Guðbjartsdóttir  
**Viðhengi** [image002.jpg](#)  
[image001.jpg](#)

Kveðja,

**Alberta G. Guðbjartsdóttir, deildarstjóri félagsþjónustu**

450 8000 – [albertag@isafjordur.is](mailto:albertag@isafjordur.is)

---

**From:** Starfsleyfi GEF [<mailto:starfsleyfi@gef.is>]

**Sent:** miðvikudagur, 4. ágúst 2021 10:33

**To:** X

**Subject:** Starfsleyfisskylda einkaaðila sem veita félagslega þjónustu skv. lögum nr. 40/1991 og lögum nr. 38/2018

Tilvísun í mál: FRN20120091

Ágæti félagsmálastjóri,

Starfsleyfisskylda einkaaðila sem veita félagslega þjónustu skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 var innleidd í lög í október 2018. Þá voru gerðar breytingar á lögum nr. 40/1991 og lög nr. 38/2018 leystu af hólmi eldri lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992.

Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar var falið að taka við umsóknum um starfsleyfi, annast umsýslu með þeim og sjá um útgáfu starfsleyfa, ásamt eftirfylgni. Stofnunin hóf móttöku starfsleyfisumsókna í febrúar 2019 og í mars það ár tóku fyrstu starfsleyfin gildi. Eftirfarandi tafla sýnir fjölda umsókna um starfsleyfi og útgefin starfsleyfi skipt eftir árum.

Ártal	Umsóknir	Útgefin starfsleyfi
2019	71	25
2020	28	39
2021*	14	20

\* Staðan 1. ágúst.

Auk þessa hefur nokkrum umsóknum verið synjað, þær felldar úr gildi eða dregnar til baka. Einnig hefur Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar mótttekið og tekið afstöðu til nokkurra tilkynninga um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með gild starfsleyfi. Tekið skal fram að verið getur að fleiri en eitt starfsleyfi sé gefið út á grundvelli einnar umsóknar. Nú, þann 1. ágúst 2021 eru 19 umsóknir til meðferðar hjá stofnuninni.

Með bréfi þessu er vakin athygli á því að einkaaðili sem hyggst veita félagslega þjónustu samkvæmt lögum um

félagsþjónustu sveitarfélaga eða samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir er skylt að afla starfsleyfis Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar áður en starfsemin hefst, sbr. einnig reglugerðir um starfsleyfi nr. 1320/2020 og 856/2020. Hið sama gildir um einkaaðila sem hyggst reka starfsemi sem hefur þann megintilgang að veita fötluðu fólki sértæka aðstoð eða þjónustu sbr. lög nr. 38/2018. Nánari upplýsingar um starfsleyfi má nálgast á [heimasíðu stofnuninnar.gef.is](http://heimasíðu.stofnuninnar.gef.is).

Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar hvetur sveitarfélög nú til að skoða hvort að þeir einkaaðilar sem sinna lögbundinni þjónustu sveitarfélaga samkvæmt lögum nr. 40/1991 eða lögum nr. 38/2018 fyrir hönd sveitarfélagsins hafi starfsleyfi frá stofnuninni. Þá er minnt á að sveitarfélögum er óheimilt að semja við einkaaðila sem ekki hafa starfsleyfi frá stofnuninni sbr. 9. gr. laga nr. 40/1991 og 6. gr. laga nr. 38/2018.

Yfirlit yfir gild starfsleyfi má nálgast á [vefsvæði Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar](#). Vakin er athygli á að yfirlitið nær til þeirra starfsleyfa þar sem reksturinn miðar að því að þjónusta fleiri en einn einstakling.

Frekari upplýsingar fást hjá stofnuninni á netfanginu [starfsleyfi@gef.is](mailto:starfsleyfi@gef.is).

Kveðja,  
Rósa

**Rósa Guðrún Sólberg, sérfræðingur / Senior Advisor**

Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar / Care Quality Inspectorate for social services and child protection

Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8100

[www.stjornarradid.is](http://www.stjornarradid.is) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)